
Skýrsla um starfsemi
yfirkattanevndar
á árinu 2015

1. Hlutverk yfirskattanefndar

Yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, og öðrum lögum þar sem kveðið er á um verkefni og skyldur nefndarinnar.

Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnarsýslunnar í þeim málum sem í valdsvið hennar eru lögð. Ákvörðunum nefndarinnar verður því ekki skotið til fjármálaráðherra eða annars aðila innan stjórnarsýslunnar.

Verkefnum yfirskattanefndar má skipta í fjóra flokka:

- Úrskurðarvald yfirskattanefndar tekur í fyrsta lagi til kærumála vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og skattstofna, svo og vegna annarra ákvarðana ríkisskattstjóra, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Til yfirskattanefndar má skjóta ákvörðunum (úrskurðum) ríkisskattstjóra um alla skatta og gjöld sem ríkisskattstjóri leggur á og úrskurðar um. Þar á meðal eru tekjuskattur (lög nr. 90/2003, um tekjuskatt), útsvar (lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga), tryggingagjald (lög nr. 113/1990, um tryggingagjald), virðisaukaskattur (lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt) og bifreiðaskattar (lög nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, og lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald). Jafnframt úrskurðar yfirskattanefnd um kærur vegna bindandi álita sem ríkisskattstjóri lætur uppi samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum. Sektorákvörðanir ársreikningaskrár vegna vanrækslu á að standa skil á ársreikningi til opinberrar birtingar eru einnig kærnanlegar til yfirskattanefndar.
- Í öðru lagi úrskurðar yfirskattanefnd um ágreining innflytjenda og tollyfirvalda í tollamálum, þar á meðal vegna ákvörðunar tollstjóra um gjaldskyldu, tollverð og tollflokkun. Einnig má kæra bindandi álit tollstjóra um tollflokkun vöru til yfirskattanefndar.
- Í þriðja lagi úrskurðar yfirskattanefnd í ágreiningsmálum vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um erfðafjárskatt.
- Í fjórða lagi hefur yfirskattanefnd með höndum afgreiðslu mála sem skattrannsóknarstjóri ríkisins vísar til nefndarinnar með kröfu um ákvörðun sekta vegna meintra brota á skattalögum og/eða lögum um bókhald og ársreikninga. Skilyrði þess að yfirskattanefnd fjalli um mál gjaldanda (sakbornings) er að hann hafi gefið til kynna á sannanlegan hátt að hann vilji hlíta því að málið verði afgreitt af yfirskattanefnd. Yfirskattanefnd ákveður

með úrskurði hvort gjaldanda sé gert að sæta sekt eða kröfu skattrannsóknarstjóra synjað.

Með lögum nr. 125/2015, um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016, voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um yfirskattanefnd. Jafnframt voru gerðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt og lögum um stimpilgjald, með gildistöku 1. janúar 2016, sem fólu í sér að ákvarðanir ríkisskattstjóra um endurgreiðslu virðisaukaskatts, m.a. til byggjenda íbúðarhúsnæðis, og ákvarðanir sýslumanna um stimpilgjald urðu kærarlegar til yfirskattanefndar. Úrskurðarvald í þessum málaflokkum var áður hjá ráðherra og tók yfirskattanefnd við gildistöku breytingalaganna við öllum óloknum ágreiningsmálum um stimpilgjald og endurgreiðslur virðisaukaskatts sem til meðferðar eru hjá ráðherra.

2. Tölulegar upplýsingar

2.1. Kærur og önnur mál til yfirskattanefndar árið 2015

Í ársbyrjun 2015 voru 241 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd, en þar af lágu málgögn og eftir atvikum umsögn viðkomandi stjórnvalds fyrir í 208 málum sem voru þannig tilbúin til meðferðar.

Á árinu 2015 bárust yfirskattanefnd 251 mál til meðferðar. Þar af voru 205 kærur vegna ákvarðana ríkisskattstjóra, 19 kærur vegna ákvarðana tollstjóra og 7 kærur vegna ákvarðana sýslumanns um erfðafjárskatt, þ.e. alls 231 kærumál. Mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins til ákvörðunar um skattsekt voru 20 talsins. Samkvæmt þessu bárust yfirskattanefnd verulega færri mál til meðferðar á árinu 2015 en verið hefur undanfarin ár, bæði hvað varðar kærumál og skattsektarmál. Þetta kemur nánar fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 1. Ný mál á árunum 2010–2015.

	2010	2011	2012	2013	2014	Meðaltal 2010-2014	2015
Kærur	362	599	374	306	313		231
Sektarmál	28	39	32	44	32		20
Samtals	390	638	406	350	345	426	251

2.2. Afgreidd mál árið 2015

Á árinu 2015 kvað yfirskattanefnd upp 359 úrskurði. Þá lauk níu málum með öðrum hætti, oftast þannig að kærandi afturkallaði kæru sína. Samtals voru því afgreidd 368 mál hjá yfirskattanefnd árið 2015. Eru það heldur færri mál en afgreidd hafa verið að jafnaði á fimm síðustu árum. Þetta kemur nánar fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 2. Afgreidd mál á árunum 2010–2015.

	2010	2011	2012	2013	2014	Meðaltal 2010-2014	2015
Úrskurðir							
– kærumál	333	378	588	363	280		313
– sektarmál	84	47	32	29	41		46
Annað	8	15	8	16	10		9
Samtals	425	440	628	408	331	446	368

Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir afgreiðslu mála hjá yfirskattanefnd árið 2015. Kemur þar fram móttökuár þeirra mála sem afgreidd voru á árinu.

Tafla 3. Afgreidd mál á árinu 2015.

Komuár	Mál til meðferðar 1.1.2015	Ný mál á árinu	Úrskurðir	Önnur málalok	Samtals afgreidd mál	Ólokið 31.12. 2015
2013	10		10		10	
2014	231		231		231	
2015		251	118	9	127	124
Samtals	241	251	359	9	368	124

Eins og taflan ber með sér voru í upphafi ársins 2015 tíu mál sem þá höfðu verið lengur en eitt ár til meðferðar hjá yfirskattanefnd. Úrskurðað var í öllum þeim málum á árinu. Þá lauk á árinu meðferð allra mála frá árinu 2014. Um það bil helmingur mála sem bárust á árinu 2015 var afgreiddur á sama ári.

2.3. Niðurstöður mála

Í töflu 4 kemur fram skipting úrskurða yfirskattanefndar árið 2015, annarra en úrskurða í sektarmálum, eftir því hvort úrskurður leiddi til lækkunar gjalda eða ekki. Í fyrri flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem krafa kæranda er tekin til greina að hluta eða öllu leyti eða ákvörðun stjórnvalds er felld úr gildi. Í síðari flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem hin kærða ákvörðun stendur óhöggud (kröfu kæranda hafnað að öllu leyti). Einnig falla hér undir mál sem vísað er frá yfirskattanefnd, m.a. sökum þess að kæra berst að liðnum kærufresti, svo og mál sem vísað er til stjórnvalds til meðferðar að nýju, sbr. 12. gr. laga um yfirskattanefnd. Til samanburðar eru tölur tveggja fyrri ára.

Þá er í töflunni hliðstæð flokkun úrskurða yfirskattanefndar um skattsektir, þ.e. hvort sekt var ákvörðuð eða ekki. Í síðari flokkinn falla m.a. sektarmál sem vísað var frá nefndinni af ýmsum ástæðum.

Tafla 4. Niðurstöður úrskurða árin 2013, 2014 og 2015.

Ár	Kærumál			Skattsektarmál		
	Fjöldi úrskurða	Lækkun gjalda	Önnur niðurstaða	Fjöldi úrskurða	Sekt	Ekki sekt
Árið 2013	363	96 (26%)	267 (74%)	29	28	1
Árið 2014	280	85 (30%)	195 (70%)	41	39	2
Árið 2015	313	106 (34%)	207 (66%)	46	38	8

Í töflu hér að neðan er að finna nánari sundurliðun úrskurða í kærumálum á árinu 2015, alls 313 úrskurðir, með tilliti til niðurstöðu þeirra. Flokkurinn „Fallist á kröfu að öllu leyti“ tekur m.a. til þess þegar hinn kærði úrskurður eða ákvörðun er felld úr gildi vegna annmarka á meðferð máls, einnig þegar það leiðir til þess að kæru er vísað til meðferðar stjórnvalds að nýju. Flokkurinn „Kæru vísað til meðferðar að nýju“ á þannig aðallega við um tilvik þegar kæruefni hefur ekki verið lagt fyrir stjórnvald eða mál af annarri ástæðu ekki fengið fullnægjandi meðferð hjá stjórnvaldinu.

Tafla 5. Niðurstöður úrskurða í kærumálum árið 2015.

Stjórnvald	Fallist á kröfu að öllu leyti	Fallist á kröfu að hluta	Kæru vísað til meðferðar að nýju	Kæru hafnað eða vísað frá
Ríkisskattstjóri	60	43	32	161
Tollstjóri	1	1		10
Sýslumenn	1		1	3
Samtals	62	44	33	174

2.4. Gjaldabreytingar yfirskattanefndar

Í töflu 5 er að finna yfirlit um gjaldabreytingar sem leitt hafa af úrskurðum yfirskattanefndar á árinu 2015 og nefndin hefur tilkynnt til innheimtumanns. Breytingar á yfirfæranlegu tapi eru ekki taldar til gjaldabreytinga í þessu sambandi. Til viðbótar gjaldabreytingum samkvæmt töflunni koma breytingar á aðflutningsgjöldum og öðrum sköttum eða gjöldum sem viðkomandi stjórnvöld (tollstjóri, sýslumenn eða ríkisskattstjóri) framkvæma vegna úrskurða yfirskattanefndar.

Jafnframt koma fram í töflunni fjárhæðir ákvarðaðra skattsekta árið 2015 og málskostnaðar sem úrskurðaður hefur verið til greiðslu úr ríkissjóði. Til samanburðar eru fjárhæðir fyrir árið 2014.

Tafla 6. Yfirlit um gjaldabreytingar, skattsektir og málskostnað samkvæmt úrskurðum yfirskattanefndar árið 2015.


	Árið 2015	Árið 2014
Tekjuskattur og önnur gjöld til ríkissjóðs sem lögð eru á samhliða álagningu tekjuskatts, þ.m.t. hækkun frádráttarliða (barnabætur, vaxtabætur o.fl.)	-5.859.702.895	-933.357.109
Útsvar	-1.295.262.183	-354.879.818
Virðisaukaskattur, þ.m.t. álag	-396.307	-18.288.303
Alls lækkun gjalda	-7.155.361.385	-1.306.525.230
Skattsektir (mál frá SRS)	337.750.000	355.100.000
Málskostnaður úr ríkissjóði	7.210.000	5.414.339

2.5. Mál til meðferðar í árslok 2015

Í árslok 2015 voru 124 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd. Þar af voru 24 mál til umsagnar hjá embætti ríkisskattstjóra og níu kærur höfðu ekki verið sendar til umsagnar. Þannig var 91 mál tilbúið til meðferðar fyrir nefndinni.

Á mynd 1 er að finna yfirlit um mál sem til meðferðar voru í árslok 2010–2015, sundurliðað eftir því hversu lengi mál hafði beðið afgreiðslu.


Mynd 1. Mál til meðferðar í árslok 2010–2015, sundurliðað eftir aldri.



2.6. Málsmeðferðartími

Samkvæmt lögum um yfirskattanefnd er hámarksfrestur nefndarinnar til að úrskurða kærur 7,5 mánuðir. Á mynd 2 er gerð grein fyrir málsmeðferðartíma eins og hann reiknast í árslok árin 2010–2015. Málsmeðferðartími er hér miðaður við hlutfall óafgreiddra mála í árslok af fjölda afgreiddra mála á árinu (veltuhraði óafgreiddra mála í árslok). Málsmeðferðartími reiknast 4 mánuðir í lok ársins 2015, en var 8,7 mánuðir í lok árs 2014. Að því er varðar árið 2012 er í þessum útreikningi tekið tillit til þess að mörg sams konar mál voru afgreidd það ár.

Mynd 2. Málsmeðferðartími í árslok árin 2010–2015, reiknaður í mánuðum.



2.7. Þjónusta við aðrar úrskurðarnefndir

Í október 2014 varð að samkomulagi fyrir atbeina fjármála- og efnahagsráðuneytisins að úrskurðarnefnd um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána fengi aðstöðu í húsnæði yfirskattanefndar og að starfsmenn yfirskattanefndar myndu jafnframt sinna verkefnum fyrir úrskurðarnefndina. Í samræmi við þetta samkomulag unnu tveir og á tímabili þrír starfsmenn yfirskattanefndar fyrir úrskurðarnefndina á árinu 2015 við undirbúning úrskurða og ýmis almenn skrifstofustörf.

2.8. Birting úrskurða

Leitast var við að birta nýja úrskurði yfirskattanefndar með reglulegri hætti á vef nefndarinnar en verið hefur. Á árinu var einnig hafinn undirbúningur að birtingu úrskurða ríkisskattanefndar frá árunum 1973 til 1989 á vefnum.

3. Nefndarmenn og starfsmenn

Í yfirskattanefnd skulu eiga sæti sex menn, þar af fjórir sem hafa starfið að aðalstarfi. Nefndarmenn eru skipaðir til starfa til sex ára í senn. Í fyrsta sinn við skipun nefndarinnar, þ.e. 1. júlí 1992, voru tveir menn skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára.

Í janúar 2015 tóku Þórarinn Egill Þórarinsson, lögfræðingur, og Bjarnveig Eiríksdóttir, hdl., til starfa sem nefndarmenn í yfirskattanefnd.

Nefndarmenn, sem höfðu starfið að aðalstarfi á árinu 2015, voru:

- Anna Dóra Helgadóttir, lögfræðingur.
- Ólafur Ólafsson, lögfræðingur, formaður yfirskattanefndar.
- Sverrir Örn Björnsson, lögfræðingur, varaformaður yfirskattanefndar.
- Þórarinn Egill Þórarinsson, lögfræðingur.

Nefndarmenn í hlutastarfi á árinu 2015 voru:

- Bjarnveig Eiríksdóttir, hdl.
- Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi.

Júlíus Smári, lögfræðingur, gegndi starfi skrifstofustjóra yfirskattanefndar. Auk hans og þeirra nefndarmanna, er hafa starfið að aðalstarfi, voru meginhluta ársins 2015 sjö starfsmenn hjá yfirskattanefnd. Ársverk voru 11,6 en voru 8,4 á fyrra ári.

4. Útdráttur úr ársreikningi fyrir árið 2015

Rekstrarreikningur árið 2015

	2015	2014
Tekjur		
Sértekjur	1.878.313	1.659.752
	<u>1.878.313</u>	<u>1.659.752</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	134.130.394	93.547.983
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.154.963	2.011.679
Funda- og ferðakostnaður	1.032.825	1.091.318
Aðkeypt sérfræðipjónusta	258.471	2.016.720
Annar rekstrarkostnaður	895.943	506.504
Húsnæðiskostnaður	29.100.909	28.988.516
	<u>168.573.505</u>	<u>128.162.720</u>
Eignakaup	2.547.449	216.955
	<u>171.120.954</u>	<u>128.379.675</u>
Tekjur umfram gjöld	(169.242.641)	(126.719.923)
Framlag úr ríkissjóði	<u>160.800.000</u>	<u>130.300.000</u>
Hagnaður/tap ársins	<u>(8.442.641)</u>	<u>3.580.077</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	2015	2014
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	9.413.560	16.288.770
Viðskiptakröfur	642.186	855.009
Handbært fé	15.624	15.533
Veltufjármunir	<u>10.071.370</u>	<u>17.159.312</u>
Eignir alls	<u>10.071.370</u>	<u>17.159.312</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	15.726.746	12.146.669
Hagnaður/tap ársins	(8.442.641)	3.580.077
Eigið fé	<u>7.284.105</u>	<u>15.726.746</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	2.787.265	1.432.566
Skuldir	<u>2.787.265</u>	<u>1.432.566</u>
Eigið fé og skuldir	<u>10.071.370</u>	<u>17.159.312</u>